

Reglur um Umhverfisverðlaun Grindavíkurbæjar

1. gr.

Umhverfisverðlaun Grindavíkurbæjar eru veitt annars vegar einstaklingum og hins vegar fyrirtækjum sem viðurkenning fyrir fallega garða og vel hirtar lóðir og umhverfi. Með viðurkenningunni vill Grindavíkurbær hvetja bæjarbúa til að hugsa vel um nærumhverfi sitt og verðlauna þá sem skara fram úr í snyrtimennsku og umhirðu garða sinna.

2. gr.

Umhverfis- og ferðamálanefnd fer með framkvæmd verðlaunanna í samvinnu við starfsmenn nefndarinnar og umsjónarmann grænna- og opinna svæða. Auglýst er eftir tilnefningum á vefsíðu bæjarins og er unnið úr þeim nafnlaust. Verðlaunin eru afhent annað hvert ár, á þeim árum sem enda á sléttri tölu.

3. gr.

Auglýst skal eftir tilnefningum í byrjun júní. Nefndin vinnur úr þeim og skoðar garða á fundi sínum í júlí og eru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn í byrjun ágúst.

4. gr.

Verðlaunaafhendingin er öllum opin og skal tímasetning hennar auglýst skilmerkilega á vefsíðu bæjarins. Bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og nefndarmönnum er boðið formlega á afhendinguna ásamt verðlaunahöfum. Formaður nefndarinnar stýrir athöfninni og veitir viðurkenningar.

5. gr.

Fimm viðurkenningar eru veittar í hvert sinn. Tvær eru bundnar við heimilisgarða, ein við fyrirtæki og tvær taki mið að þeim tilnefningum sem berast hverju sinni.

6. gr.

Allir garðar og öll fyrirtæki í Grindavík koma til greina sem verðlaunahafar umhverfisverðlauna. Að jafnaði skulu þó líða 10 ár á milli þess sem sami garður eða fyrirtæki getur fengið viðurkenningu að nýju.

Samþykkt á fundi Umhverfis- og ferðamálanefndar 2. nóvember 2016

Samþykkt í bæjarstjórn 31. janúar 2017